



Reglur um almenna rekstrarstyrki til félagasamtaka sem starfa að umhverfismálum

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitir styrki til almennrar starfsemi félagasamtaka sem hafa umhverfismál sem eitt af meginmarkmiðum starfsemi sinnar. Styrkir eru veittir í samræmi við heimildir fjárlaga hverju sinni.

Styrkir til almennrar starfsemi eru einungis veittir þeim frjálsu félagasamtökum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- i. Umhverfismál eru eitt af meginmarkmiðum samtakanna skv. samþykktum þeirra.
- ii. Eru opin fyrir almennri aðild einstaklinga beint eða í gegn um undirfélög sé um samtök félagasamtaka að ræða.
- iii. Starfa ekki í hagnaðarskyni.
- iv. Hafa að lágmarki 30 félagsmenn í einu félagi eða undirfélögum sé um samtök félagasamtaka að ræða.
- v. Hafa opið og endurskoðað reikningshald og taka saman ársskýrslur, sem fylgi umsóknum um rekstrarstyrk.
 - með endurskoðuðu reikningshaldi er átt við endurskoðun félagskjörinna endurskoðenda viðkomandi samtaka. Ekki er gerð krafa um löggilta endurskoðun ársreikninga.
 - í ársskýrslu komi fram meginstarfsemi og helstu verkefni viðkomandi samtaka.

Við mat á upphæð styrkja er tekið mið af eftirfarandi:

- i. Fjöldi félagsmanna í viðkomandi samtökum eða undirfélögum.
- ii. Hvort viðkomandi samtök starfi að umhverfis- og náttúruverndarmálum á landsvísu eða einungis að svæðisbundnum verkefnum.
- iii. Hversu vel samtökin stuðla að því að efla lýðræðislega umræðu um umhverfis- og náttúruvernd, s.s. með því að:
 - a. vera virk í almennri umræðu um umhverfismál, s.s. í fjölmiðlum,
 - b. standa fyrir fræðslu eða fræðsluefni um umhverfismál,
 - c. halda úti heimasíðu eða netumræðu um umhverfismál,
 - d. taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál og miðla upplýsingum úr því á heimavettvangi.
- iv. Hversu breitt svið umhverfismála starfsemi viðkomandi samtaka nær yfir.
- v. Annar fjárstuðningur úr ríkissjóði til almennrar starfsemi viðkomandi samtaka.
- vi. Áætlaðri þátttöku fulltrúa samtakanna í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.
- vii. Eigin fjármögnun samtakanna, s.s. félagsgjöld, styrkir og seld þjónusta og hlutfall þess af heildarrekstri þeirra.

Umsóknarfrestur til að skila inn umsóknum um styrki til almennrar starfsemi er árlega auglýstur á heimasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 28. nóvember 2019.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson

Stefán Guðmundsson